

**Undirbúningskýrsla
Möguleikar til bleikjueldis á Pverfelli,
Lundarreykjadal**


Jón Örn Pálsson

Borgarnes, september 1990

VMST-V/ 90017x

Eintak bókasafns

VMST- V/90017



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild


**Undirbúningskýrsla
Möguleikar til bleikjueldis á Þverfelli,
Lundarreykjadal**

Jón Örn Pálsson

Borgarnes, september 1990

VMST-V/ 90017x

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



**Veiðimálastofnun
Vesturlandsdeild**
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes
Sími: 93-71097
Fax: 93-71048

Inngangur.

Bleikjueldi hefur komið upp á yfirborðið síðustu ár sem hugsanleg hliðarbúgrein til sveita, í kjölfar mikils samdráttar í hefð-bundnum búgreinum. Skýrsla þessi er unnin að ósk ábúenda á þverfelli II í Lundarreykjadal, sem hafa í hyggju að hefja bleikjueldi í smáum stil ef fjárhagslegur grundvöllur er fyrir hendi.

Möguleikar á að nýta vatnsmiklar lindir í landi þverfells til fiskeldis hafa lengi verið kunnir. Það var fyrst upp úr miðjum áttunda áratugnum sem gerð var úttekt á aðstæðum er Fiskræktarstöð Vesturlands var í undirbúningi (Fjarhitun hf, verkfræðistofa, Mai 1980/Nr.007 og Janúar 1981/Nr.003).

Aðstæður til bleikjueldis þykja ákjóslegir á þverfelli, en umhverfisaðstæður hafa verið kannaðar af undirrituðum ásamt Óskari I. Sigurðssyni & Haraldi Arnasyni frá Búnaðarfélagi Íslands og Freysteini Sigurðssyni frá Orkustofnun. Nú eru uppi hugmyndir um að leiða heitt vatn frá Englandshver heim að þverfelli til húshitunnar og gerir það fiskeldismöguleika á þverfelli enn áhuga-verðari.

Hér er gerð grein fyrir möguleikum og hagkvæmni til bleikjueldis á þverfelli. Gerð er framleiðsluáætlun og einnig er rekstrar-kostnaður og fjárfestingarþörf metin út frá mismumandi forsendum.

UMHVERFISADSTÆDUR.

Þverfellsbæirnir, Þverfell I og Þverfell II, eru fremstu bæir i Lundarreykjadal að norðanverðu. Þverfell II stendur á túnjaðri milli Kviagils og Kaldagils. Kaldagil er nokkuð vatnsmikill "bæjarlækur" sem samanstendur að mestu af lindarvatni sem fellur í gilið.

Möguleikar á vatnstöku og staðsetning eldiskerja.

Möguleikar til vatnstöku eru fjölbreytilegir, en ekki verður gerð tæmandi lýsing á þeim hér. Hér verður því aðeins lýst þeim möguleikum sem eru haqqvæmastir miðað við fyrirhugaða staðsetningu eldiskerja.

Aætlað er að staðsetja matfiskeldisker á malareyrum sunnan við Kaldagil. Þar er gott landrými og ekki hætta á að vatnavextir í Kaldagili valdi tjóni.

Lindarvatn hefur upptök sin um 450 metra ofar í hlíðinni og safnast saman í læk sem fellur í Kaldagil fáeina metra fyrir neðan fyrirhugaða staðsetningu eldiskerja. Þessi lækur er um 20-25 l/sek og hitastig vatnsins í augum er um 3.4 °C.

Kaldagil er um 80-110 l/sek. Hitastigið hækkar nokkuð yfir sumartímann og mældist í júli í ár 7.5 °C og í lok september um 3.8 °C. En yfir vetrartímann má gera ráð fyrir að vatnið í gilinu kólni niður undir 1-2°C.

Einnig er mögulegt að fá heitt vatn til fiskeldis. Þar er fyrst að nefna borholu sem Orkustofnun lét gera í tilrauna-skyni vegna rannsóknar á svæðinu. Úr þessari holu rennur 18°C heitt vatn og mældist það 1.1 l/sek. Til að ná sjálfrennandi vatni í eldisker, þarf að fara 60 m niður fyrir holuna en þá fæst um 2.4 metra fallhæð.

Hitaveitavatn er fyrirhugað að leiða frá Englandahver heim að Þverfelli til húshitunnar. Mögulegt er að stækka heimtaugina frá fyrri áætlunum og nota vatnið til fiskeldis.

FRAMLEIÐSLUÁÆTLANIR.

Hverniq staðið verður að eldinu á sem hagkvæmaston hátt ræðst af þeim forsendum sem eru til grundvallar. Hér verður því fyrst gerð grein fyrir megin forsendum og hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að ala bleikju í sláturstærð. Síðar er gert grein fyrir minnumandi eldisferlum og hagkvæmni þeirra borin saman.

Forsendur

Vatnshiti:

Mesti óvissupátturinn um hagkvæmni og uppbyggingu eldisins ræðst því af hvort hitaveituvatn verði notað í eldið, eða hvort lindavatnið verði notað óupphitað. Þar sem nokkrar likur eru á að hitaveita verði leidd heim að þverfelli er hér gerð grein fyrir eldisferli með og án notkunar hitaveituvatns.

Seiðastærð:

Bleikjueldið byggist á aðkeyptum seiðum og er hér um tvo valkosti að ræða:

- 1) kaupa ársgömul seiði (stór-seiði) sem að jafnaði eru 80-120 grömm að vori, apríl/maí. Verðið er á bilinu 80-90 kr stk.
- 2) kaupa sumaralin seiði (smá-seiði) sem eru um 10-15 grömm seinni part sumars, ágúst/sept. Verð er á bilinu 15-20 kr stk.

Arsgömul seiði eru hlutfallslega dýrari en sumaralin seiði og því hagkvæmara að mestur hluti seiða verði keypt sem smáseiði. En það krefst þess að heitt vatn verði notað við eldið fyrsta árið. Ef hitaveituvatn verður ekki notað, er mögulegt að nýta heitt vatn úr borholu fyrir smáseiðaeldi. Hér er því gerð framleiðsluáætlum fyrir eldisferil sem hefst bæði með stórseiðum og smáseiðum.

Framleiðsluætla:

Hversu mikið af fiski er mögulegt að ala í sláturstærð ræðst af því vatnsmagni sem er til ráðstöfunnar og lengd sláturtímabilsins. Ef megnið af því lindarvatni sem fellur til á þverfelli verður virkjað til fiskeldis er mögulegt að framleiða 15-20 tonn árlega. Heimilisfólkis á þverfelli II hefur ekki í hyggju að framleiða

meira en það sem það getur sinnt ásamt hefðbundnum búverkum. Hér er því ekki gert ráð fyrir að það verði framleitt meira en 5-7 tonn árlega og því aðeins hluti lindavatnsins nýtt.

Ef gert er ráð fyrir að hverjum árgangi verði slátrað öllum í einu, yfir tiltölulega stutt tímabil, ræðst framleiðslugetan miðað við vatnsmagn af lífþyngd fisksins (fjölda × þyngd) á sláturtíma. Ef sláturtímabilinu er dreift yfir nokkra mánuði er mögulegt að framleiða meira en vatnsmagnið gefur tilefni til.

I. Eldisferill í köldu vatni.

- Ærsgömul seiði alin í sláturstærð

Lindarvatn (3°C) verður notað yfir vetrartimann, frá september fram í lok maí. Yfir sumartímann verður vatn sótt í Kaldagil, 5°C júní, 7°C í júlí og ágúst og 4°C í september. Vatnsmagnið er takmarkað við 20 l/sek af lindarvatni, en rennslið í Kaldagili er um 80 l/sek og takmarkar því ekki framleiðslugetuna yfir sumartímann.

Gert er ráð fyrir að 100 gramma seiði verði keypt í byrjun júní og alin í 15 mánuði eða fram í lok ágúst árið eftir og verði þá öllum fiski slátrað. Þar sem aðeins er notað lindarvatn yfir veturinn, er flöskuhálsinn í framleiðsluferlinum mai-mánuður ár hvert, því aðeins eru 20 l/sek til ráðstöfunnar. Hversu mörg seiði er þörf að kaupa fer því eftir áætluðum lífpunga þeirra í mai árið eftir.

Hérlendis er komin nokkur reynsla á bleikjueldi við svipaðar aðstæður og eru á þverfelli. Eftirfarandi dæmi sýna hvaða vexti er raunhæft að bústast við;

- Síðastliðin tvö ár hefur bleikjueldisstöðin Dýhóll á Blönduósi eingöngu notað 4°C lindarvatn til bleikjueldis.

Þar hefur bleikja vaxið úr 150 grömmum í 500-700 grömm á 14 mánuðum og er það um 0.3 prósent vöxtur á dag.

- Á Kirkjubækjarklaustri hefur bleikjueldi verið prófað í eitt ár, en þar er aðeins notað árvatn. Hitastig vatnsins er um $0-1^{\circ}\text{C}$ yfir vetrarmánuðina og hækkar í $8-10^{\circ}\text{C}$ á sumrin. Við þessar aðstæður vex bleikjan einnig úr 100 grömmum í 500-700 grömm á 14 mánuðum.

Þessi dæmi sýna að með nokkurri vissu má gera raunhæfa áætlun um vöxt bleikju við aðstæður eins og eru á þverfelli. Einnig staðfesta þessi dæmi að bleikjan hefur álikan vöxt og norsk eldisbleikja við sama hitastig (Jobling, 1985). Hér er því notast við vaxtarjöfnu fyrir norska eldisbleikju.

Tafla 1. Framleiðsluáætlun miðað við að fullnyta 20 l/sek af lindarvatni. Allar tölur miðast við upphaf hvers mánaðar.

| Tími | Hiti °C | þyngd Gr | Fjöldi Stk. | Lifþungi kg | Vatn liter/min | Fóður Kg/mán |
|-----------------|------------|-------------------|----------------|----------------|-------------------|-----------------|
| Júni | 5 | 100 | 10.000 | 1.000 | 509 | 290 |
| Júlí | 7 | 121 | 9.950 | 1.207 | 754 | 469 |
| Ágúst | 7 | 156 | 9.900 | 1.543 | 917 | 546 |
| Sept | 4 | 196 | 9.851 | 1.933 | 766 | 348 |
| Okt | 3 | 223 | 9.801 | 2.182 | 749 | 281 |
| Nov | 3 | 244 | 9.752 | 2.383 | 803 | 296 |
| Des | 3 | 267 | 9.704 | 2.595 | 859 | 313 |
| Jan | 3 | 292 | 9.655 | 2.819 | 917 | 329 |
| Feb | 3 | 318 | 9.607 | 3.054 | 977 | 346 |
| Mars | 3 | 345 | 9.559 | 3.302 | 1.038 | 363 |
| Apr | 3 | 374 | 9.511 | 3.561 | 1.103 | 380 |
| Mai | 3 | 405 | 9.464 | 3.833 | 1.168 | 398 |
| Júni | 5 | 437 | 9.416 | 4.118 | 1.561 | 702 |
| Júlí | 7 | 493 | 9.369 | 4.619 | 2.181 | 1.074 |
| Aug | 7 | 578 | 9.322 | 5.387 | 2.465 | 1.183 |
| sept | 4 | 672 | 9.276 | 6.233 | 1.927 | |
| Samtals pr. ár: | | slátrað: 6.233 kg | | | fóður: 7.325 kg | |

Eins og sést í töflunni er gert ráð fyrir að í upphafi verði byrjað með 10.000 stk og er så fjöldi miðaður við að lindarvatnið verði fullnytt í maiðánuði (1200 l/min). Bleikjan vex úr 100 gr í 670 gr á 15 mánuðum. Afföll eru áætluð 0.5% á mánuði. Áætlað að öllum fiski verði slátrað í lok ágústmánaðar, þar sem Kaldagil gefur nægjanlegt vatnsmagn yfir sumartímann.

Fóður: Fóðurþörfin er miðuð við að fiskurinn verði fóðraður með þurrfóðri og að það þurfi um 1.4 kg af fóðri til að framleiða 1 kg af fiski (fóðurstuðull 1.4). Heildarfóðurmagnið er 7.3 tonn yfir allann eldistímann.

Rýmispörf: Kerjarymi miðast við hámarksliþunga á eldisferlinum og þéttleika í kerjum. Yfir sumartímann eru tveir árgangar í eldi og í lok ágúst er fyrri árgangurinn komin í sláturstærð og seiðin sem eru keypt að vori orðin 196 grömm. Heildarlífþungi í ágúst er því um 8 tonn.

Gefist hefur vel að ala bleikju við þéttleika sem er um og yfir 100 kg pr rúmmeter, en of lítil reynsla er komin á þennan þátt eldisins. Hár þéttleiki krefst þess að fiskurinn sé mikið/oft fóðraður og ekki má vera nein takmörkun á vatnsrennsli. Því er ráðlagt að minni þéttleiki sé hafður. Meginreglan er sú að stór bleikja þrifst betur við háann þéttleika er smá bleikja og því káldara sem vatnið er því meiri þéttleika er mögulegt að hafa í kerjum. Því ekki ráðlagt að hámarks þéttleiki fyrir sláturfisk fari yfir 80 kg/m^3 og 50 kg/m^3 fyrir smærri bleikju. Það er því þörf fyrir um 78 m^3 fyrir stóra bleikju og 38 m^3 fyrir næsta seiðaárgang. Það er því þörf fyrir 116 rúmmetra. Til að geta stærðarflokkað fiskinn er nauðsynlegt að hafa fleiri smærri ker en eitt stórt.

II. Eldisferill i köldu vatni og borholuvatn notað.

- smáseiði alin í sláturstærð

Smáseiðaeldi.

Ef gert er ráð fyrir að 18°C borholuvatn verði blandað með 3°C lindarvatni fást 3.3 l/sek af 8°C vatni, eða um 200 l/min . Þar sem heitt vatn er takmarkað er ekki ráðlagt að hafa hærri hita en 8°C , til að geta keypt sem mest af smá-seiðum, þar sem meðalþyngd seiða að vori takmarkar fjölda þeirra.

Gert er ráð fyrir að 10 gramma seiði verði keypt í byrjun ágúst og vöxturinn sé svipaður og hjá norskri eldisbleikju. Þar sem smáseiði eru ódýr er ráðlegt að fyllnýta heita vatnið allan veturinn og til að geta alið sem mest af smáseiðum er nauðsynlegt að flokka stærstu seiðin frá eftir því sem þau vaxa og setja í matfiskkerin. I eldisáætlun sem sýnd er í töflu 2 er miðað vi 1%

dauða á mánuði og meðalþyngd lækkar um 10 % er stærstu seiðin eru flokkuð frá. Þar sem vatnsmagn er takmarkað er ekki ráðlagt að kaupa 6000 smáseiði.

Tafla 2. Framleiðsluáætlun fyrir sumaralin seiði fyrsta árið,
við 8°C vatnshita. Miðað er við að 200 l/min verði
fullnýttir.

| Tími | Þyngd gr | Fjöldi stk | Flokkað frá stk | Lifþyngd kg | Vatn liter/min |
|------|-------------|---------------|--------------------|----------------|-------------------|
| Aug | 10 | 6.000 | 0 | 60 | 52 |
| Sep | 16 | 5.940 | 0 | 96 | 74 |
| Okt | 24 | 5.880 | 0 | 143 | 102 |
| Nov | 35 | 5.820 | 0 | 203 | 135 |
| Des | 48 | 5.760 | 0 | 276 | 173 |
| Jan | 64 | 5.700 | 0 | 365 | 215 |
| Feb | 66 | 3.650 | 2000 | 240 | 142 |
| Mar | 86 | 3.610 | 0 | 310 | 181 |
| Apr | 98 | 2.570 | 1000 | 252 | 152 |
| Mai | 124 | 2.540 | 0 | 314 | 180 |
| Jún | 136 | 1.520 | 1000 | 207 | 126 |
| Júl | 160 | 0 | 1500 | 240 | 152 |

I febrúar eru 200 l/min fullnýttir og þá er gert ráð fyrir að 2000 seiði verði flutt yfir í matfiskkerin og síðan aftur 2000 stk í apríl en afgangurinn verður alinn fram í júni/júlí. Ef áætlað er að meðalþyngd seiðann í júni verði 100 grómm og það verði keypt 4000 stórseiði til viðbótar, verður framleiðsluferillinn eins og sýnt er í töflu 1.

Fóður: Fóðurþörfin er ekki reiknuð fyrir hvern einstakan mánuð. Miðað við fóðurstuðul 1.6 og meðalvöxt eins og sýnt er í töflu 2 þar um 1200 kg af fóðri til að ala 6000 seiði úr 10 gr i 100 gramma meðalþyngd að vori.

Rýmisbörf: Ekki er ráðlegt að ala smábleikju af þessari stærð þéttar en 40 kg/m³. Einnig er best að hafa fleiri smá ker en fá stór, til að geta stærðarflokkað seiðin. Mesta lifþyngd miðað við

6000 seiði er um 365 kg í janúar og er því þörf fyrir um 10 m^3 kerjarymi í smáseiðaeiningu.

III. Eldisferill í heitu vatni - stórseiði alin í sláturstærð

Kjörhiti bleikju til vaxtar er talin vera á bilinu $10-14^\circ\text{C}$. En mjög hraður vöxtur leiðir jafnan af sér aukna stærðardreifingu fisksins og einnig verður fiskurinn oft fyrr kynþroska ef hann er alin við mikinn hita. Með auknum hita lækkar súrefnisinnihald vatnsins og því minnkar framleiðslugeta pr lítir við háann hita. Einnig er svo hár hiti óeðlilegur miðað við náttúrulegu umhverfi bleikjunnar og hefur bleikjan sýnt mjög sveiflukendan vöxt við stöðugt hátt hitastig. Því er 8°C vatnshiti til eldis á bleikju ákjósanlegur til lengri tíma, þegar tekið er tillit til fleiri þáttu en vaxtarhraða.

Til að hita 20 l/sek af lindarvatn úr 3°C í 8°C er þörf fyrir 1.4 l/sek af 80°C hitaveituvatni.

Hér er aðeins gert ráð fyrir að eldisferill hefjist með ársgömlum seiðum, meðalþyngd um 100 grómm í júni. Aætluð er árleg framleiðsla verði sú sama og í eldi í köldu vatni eða um 6 tonn. Til að ná þessu framleiðslumagni er þörf fyrir mun færri seiði en við eldi í köldu vatni, því vaxtarhraði fisksins er mun meiri og meðalþyngd fisksins því meiri á sláturtíma eins og kemur fram í töflu 3. I byrjun mars vatnsmagnið (1200 l/min) orðið fullnýtt og nauðsynlegt að byrja að slátra úr kerjunum. Slátmagn er miðað við að vatnið verði fullnýtt í seinni hluta eldisferils.

Tafla 3. Framleiðsluáætlun fyrir bleikjueldi í við 8°C vatnshita og seiðastærð 100 grömm. Allar tölur miðast við upphaf hvers mánaðar.

| Tími | Þyngd Gr | Fjöldi Stk | Lifþyngd Kg | Slátrað kg | Vatn liter/min | Fóður kg/mán |
|--------------------|-------------|----------------|----------------|---------------|-------------------|-----------------|
| Júni | 100 | 6.000 | 600 | 0 | 310 | 291 |
| Júli | 135 | 5.970 | 808 | 0 | 394 | 348 |
| Agúst | 178 | 5.940 | 1.057 | 0 | 491 | 414 |
| Sept | 229 | 5.910 | 1.353 | 0 | 600 | 480 |
| Okt | 288 | 5.880 | 1.696 | 0 | 722 | 554 |
| Nov | 357 | 5.850 | 2.092 | 0 | 857 | 631 |
| Des | 437 | 5.820 | 2.543 | 0 | 1.007 | 712 |
| Jan | 527 | 5.790 | 3.052 | 0 | 1.170 | 789 |
| Feb | 607 | 5.760 | 3.488 | 0 | 1.310 | 543 |
| Mars | 695 | 5.190 | 3.204 | 400 | 1.180 | 596 |
| Apr | 790 | 4.682 | 3.301 | 400 | 1.190 | 505 |
| Mai | 867 | 4.220 | 3.262 | 400 | 1.161 | 511 |
| Júni | 949 | 3.800 | 3.208 | 400 | 1.128 | 491 |
| Júli | 1.036 | 3.410 | 3.138 | 400 | 1.093 | 470 |
| Aug | 1.129 | 3.060 | 3.053 | 400 | 1.054 | 434 |
| Sept | 1.226 | 3.050 | 0 | 3740 | 1.262 | |
| Samtals pr árgang: | | Slátrað: 6.140 | | Fóður: 7.770 | | |

Eins og kemur fram í töflunni eru keypt 6000 seiði í byrjun júní og er slátrað samtals slátrað 6.1 tonni. Bleikjan vex úr 100 gr í um 1200 gr á 15 mánuðum, sem er tvöfalt betri vöxtur en í köldu vatni.

Fóður. Fóðurþörf er sviðuð og í bleikjueldi í köldu vatni, því framleitt magn er það sama og sömu forsendur eru settar til grundvallar.

Rýmisbörf. Þar sem slátrun er dreift yfir lengra tímabil er hámarks lifþungi fisksins minni en í fyrra eldisáætlunum. Í lok ágúst er mesti lifþungi í matfiskkerjum eða um 3.7 tonn og á sama tíma er lifþungi næsta seiðaárgangs um 1.3 tonn. Miðað við sama þéttleika og áður er því þörf fyrir 53 m³ fyrir matfisk og 26 m³ fyrir seiði.

IV. Eldisferill i heitu vatni

- smáseiði alin i sláturstærð.

Ef byrjað er með sumaralin seiði í upphafi er gert ráð fyrir að staðsetja þau ker á sama stað og matfiskkerin verða. Tafla 2 sýnir hvernig framleiðsluáætlun miðað við 8°C vatnshita og að það verði keypt 6000 seiði með meðalþyngd 10 grömm í ágúst. Í töflu 3 kemur fram áframeldi á þessum seiðum í sláturstærð.

Fóðurþörf og kerjarými miðast við eldisferil eins og sýnt er í töflu 2 og töflu 3. Heildarfóðurþörf, frá smáeiðum í sláturfisk, því 8.9 tonn. Kerjarými fyrir seiði er 10 m³ og 53 fyrir matfisk 50.

FRAMKVÆMDIR OG FJÁRFESTINGAR.

Hér er aðeins gerð drög að kostnaði fyrir 6 tonna framleiðslu-einingu. Megináherslan er lögð á kostnað við vatnsöflun og kerjauppsettingu fyrir matfisk og seiðaeldi.

Lagt er mat á fjárfestingarþörf við eldisferil í köldu vatni, ásamt smáseiðaeiningu og síðar fyrir eldisferil í heitu vatni. Allur kostnaður er metin án virðisaukaskatts.

I. Eldisferill í köldu vatni.

Kostnaður við vatnsöflun.

Lindarvatn: Aætlað er að tveim lindarvatnslækjum (20 l/sek) verði veitt saman í safnbrunn 150 metrum fyrir neðan upptök lindanna. Til þess þarf að breyta farvegi annars læksins, og er það tiltölulega einföld framkvæmd. Frá safnbrunni að matfiskkerjum er því um 350 metrar og 30 metra fallhæð. Til að veita 20 l/sek miðað við þessar forsendur þar 110 mm rör. Þar sem hér er um opíð rennsli að ræða þarf aðeins rör með 4 kg/cm² þrystistuðul (PEH frá Reykjalandi). 110 mm rör kosta í dag 256 kr/m. Vatnsleiðsla fyrir lindarvatn kostar því 89.600 kr.

Kaldagil: Hér er gert ráð fyrir að það verði farið 140 metra upp í gilið en þá fæst 3.5 metra fallhæð. Hámarksvatnspörf er í ágúst eins og kemur fram í töflu 1. Þá er vatnspörfin 2.500 litrar/min (42 l/sek). Hér er þörf fyrir 180 mm vatnsrör (4 bør) og kosta þau 740 kr/m. Kostnaður miðað við gefnar forsendur eru því 103.600 kr.

Borhola: Ráðgert er að staðsetja seiðaker 60 metra fyrir neðan borholu og fæst þá 2,4 metra fallhæð. Vatnsrennsli er um 3.3 l/sek (1.1 l/sek af 18°C og 2,2 l/sek af 3°C). Hér er því þörf fyrir 63 mm kapalrör (4kg/cm²) og kosta þau 125 kr/m. Kostnaður er því 7.500 kr.

Samanlagt kosta því vatnsrörin 200.700 kr. Ef tekið er tillit til

jarðvinnu og suðuvinnu og flutning á á rörum má gera ráð fyrir að heildarkostnaður við vatnsöflun kosti allt að 250 - 300.000 kr fyrir 6 tonna framleiðslueiningi.

Ker og annar búnaður.

Miðað er við að dúkaker (stálgrind + dúkur) frá Ísdúk h/f Hveragerði verði notuð í matfiskeiningu. Þessi ker eru mun ódýrari en önnur ker af sambærilegri stærð og einnig hafa þessi ker reynst vel þar sem þau eru í notkun. I seiðaeiningu er miðaðvið plastker frá Trefjum h/f Hafnarfirði.

Ráðlagt er að tvær kerjastærðir verði keyptar fyrir matiskeldiseininguna:

kr.

| | |
|---|---------|
| 1 stk 6,5 m þvermál (2 m dýpi, 66 m³) : | 150.000 |
| 2 stk 4 m þvermál (1 m dýpi, 25 m³) : | 130.000 |

Fyrir seiðaeininguna er þörf fyrir eina kerjastærð:

| | |
|---|---------|
| 3 stk 2.1 m þvermál (1.2 m dýpi, 12.3 m³) : | 170.000 |
|---|---------|

Kerjarymi kostar því samtals um 450.000 kr miðað við gefnar forsendur. Síðan má gera ráð fyrir 150.000 kr í frárennslisrör, loftara, fyttings, krana, etc.

Heildarfjárfestingar vegna uppbyggingu á 6 tonna framleiðslu eingingu þar sem eldið er hefst með smáseiðaeldi er því um 900.000 kr + vsk.

ELDISFERILL I HEITU VATNI.

Kostnaður við vatnsöflun: Hér er áætlað að kalt vatn verði sótt í lindir og kosta vatnsleiðslur 89.600 kr eins og fyrr greinir. Heita vatnið verður leitt frá Englandskver. Rágert er að heimtaugin verði stækkuð, miðað við fyrri áætlanir um hitaveitu til heimilisnota. Áætlaður kostnaður vegna hitaveitu til húshitunar er um 1 millj. kr. Kostnaðarauki vegna stækkunar á hitaveitu hefur ekki verið gerður, en áætla má að kostnaðaraukinn verði á bilini 350-450.000 kr að sögn Rúnars Hálfðánarsonar bónda þverfelli. Miðað við þessar forsendur kostar vatnsveituframkvæmdir um 550-

650.000 kr.

Ker og annar búnaður. Hér er einnig miðað við dúkaker fyrir matfiskeiningu og plastker fyrir seiðaaeiningu.

Fyrir matfiskeiningu er ráðgert að kaupa 2 ker.

| | |
|---|---------|
| 2 stk 5 m þvermál (1.5 m dýpi, 54 m ³): | 180.000 |
|---|---------|

Fyrir seiðaeiningu er þörf fyrir 3 ker:

| | |
|--|---------|
| 3 stk 2.1 m þvermál (1 m dýpi, 12.3 m ³) | 170.000 |
|--|---------|

Samtals kosta því kerin 350.000 kr og reikna má með 150.000 kr til viðbótar í frárennslisrör og fittings.

Heildarkostnaður er því rúmlega 1 millj kr + vsk.

BREYtilegur kostnaður og ardsemi.

Hér er gerður samanburður á hagkvæmni mismunandi eldisferla, sem skýrðir hafa verið hér að framan. Þættir sem ráða hvað mest um hagkvæmni eldisins er vatnshiti og seiðakostnaður. Því er gerður samanburður á eftirfarandi 4 mismunandi eldisferlum:

Ferill I. Lindavatn & Kaldagil, byrjað með ársgömum seiði

Ferill II. Lindavatn & Kaldagil & borhola, byrjað með smáseiði og ársgömum seiði

Ferill III. Lindavatn & Hitsveita, byrjað með ársgömum seiði

Ferill IV. Lindavatn & Hitaveita, byrjað með smáseiði

Forsendur

Tekjur:

Við samanburð á hagkvæmni er miðað við að árleg framleiðsla verði sama í öllum ferlum og söluverðmæti miðist við 6 tonn og meðalverð 300 kr/kg. Markaðsverð fyrir eldisbleikju innanlands síðustu 2 ár hefur að jafnaði verið á bilinu 270-330 kr/kg allt eftir stærð og gæðum fisksins.

Útgjöld:

Hér er aðeins tekið tillit til fóðurmagns og seiðakostnaðar sem breytilegs kostnaðar. Gert er ráð fyrir að notað verði hágæðapurr-

fóður sem kostar 90 kr/kg. Ársgömul seiði kosta 80 kr/stk (meðalþyngd 100 gr) og sumaralin seiði kosta 20 kr/stk (meðalþyngd 10 gr).

Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður, ásamt fjármagnskostnaði verður að greiðast með þeim tekjuafgangi sem verður, er fóður og seiði hafa verið greidd.

Ferill I. Eldisferill 15 máán.

| | | |
|---------------------|------------------------|------------|
| Tekjur: | 6000 kg x 300 kr/stk | 1.800.000 |
| Útgjöld: stórseiði: | 10.000 stk x 80 kr | 800.000 |
| | fóður: 7300 kg x 90 kr | 657.000 |
| | | ----- |
| | Tekjuafgangur: | 343.000 kr |

Ferill II. Eldisferill 25 máán smáseiði & 15 máán stórseiði.

| | | |
|-------------------|-----------------------------|------------|
| Tekjur: | 6000 kg x 300 kr/stk | 1.800.000 |
| Útgjöld: smáseiði | 6.000 stk x 20 kr | 120.000 |
| | stórseiði 4.000 stk x 80 kr | 320.000 |
| fóður (matfisk) | 7300 kg x 90 kr | 657.000 |
| fóður (seiði) | 1200 kg x 90 kr | 108.000 |
| | | ----- |
| | Tekjuafgangur: | 595.000 kr |

Ferill III. Eldisferill 15 máán.

| | | |
|---------------------|------------------------|------------|
| Tekjur: | 6000 kg x 300 kr/stk | 1.800.000 |
| Útgjöld: stórseiði: | 6000 stk x 80 kr | 480.000 |
| | fóður: 7800 kg x 90 kr | 702.000 |
| | | ----- |
| | Tekjuafgangur: | 618.000 kr |

Ferill IV. Eldisferill 25 máán.

| | | |
|-------------------|---------------------------------|------------|
| Tekjur: | 6000 kg x 300 kr/stk | 1.800.000 |
| Útgjöld: smáseiði | 6.000 stk x 20 kr | 120.000 |
| | fóður (matfisk) 7800 kg x 90 kr | 702.000 |
| | fóður (seiði) 1200 kg x 90 kr | 108.000 |
| | | ----- |
| | Tekjuafgangur: | 870.000 kr |

Þessi einfaldi samanburður sýnir að hagkvæmast er að byrja með smáseiði og nota hitaveitu, en dýrast að byrja með stórseiði í köldu vatni. Ferlar II og III sýna lítinn mun á hagkvæmni, en taka verður tillit til að framleiðslutíminn er mun lengri í ferli II og því verður launakostnaður og fjárbinding dýrari.

LOKAORD.

À þessu stigi er ekki þörf á nánari sundurliðun á einstökum þáttum eldisins eða fjármögnum þess, þar sem ekki hefur verið tekin ákvörðun um grundvallar forsendur. En með hjálp þessarar skýrslu er það von míni að skriður komist á málið. En áður en farið verður út í framkvæmdir, verður að leita samþykkis hins opinbera og veiðifélags á svæðinu fyrir staðsetningu fiskeldisstöðvar á þverfelli.